

## **Reglur um úthlutun styrkja sem heilbrigðisráðherra veitir samkvæmt safnliðum fjárlaga hverju sinni.**

### 1. gr.

#### *Tilgangur.*

Ráðherra veitir styrki, samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni, til að styrkja félagasamtök sem starfa á verkefnasviði heilbrigðisráðuneytisins. Ráðherra úthlutar styrkjum að fenginni tillögu starfshóps einu sinni á ári.

### 2. gr.

#### *Starfshópur.*

Ráðherra skipar þriggja manna starfshóp úr heilbrigðisráðuneytinu sem hefur það hlutverk að meta styrkhæfi umsókna og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja.

### 3. gr.

#### *Styrkir.*

Styrkir eru veittir til íslenskra félagasamtaka. Með félagasamtökum er átt við skipulagsbundin, varanleg samtök tveggja eða fleiri aðila, sem stofnað er til af fúsum og frjálsum vilja með löggerningi og hafa ekki fjárhagslegan ávinning að markmiði með starfsemi sinni.

Styrkir eru veittir til afmarkaðra verkefna sem miða að því að veita einstaklingum og hópum stuðning, fræðslu og ráðgjöf samkvæmt áherslum ráðherra hverju sinni. Styrkir eru ekki veittir til lengri tíma en eins árs í senn. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna sem felast í því að:

- a) Útbúa fræðsluefni og standa fyrir fræðslustarfsemi.
- b) Vera málsvari og standa vörð um hagsmuni félagsmanna.
- c) Þjóða félagsmönnum upp á stuðning og ráðgjöf.

Ekki eru veittir styrkir til reksturs félagasamtaka. Með rekstri er m.a. átt við rekstur skrifstofu, þ.m.t. greiðslu húsaleigu.

Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem hljóta styrk á fjárlögum eða verkefna sem falla undir sjóði ráðuneytisins eða samninga við það.

Styrkveitingar samkvæmt reglum þessum taka ekki til einstaklinga.

### 4. gr.

#### *Auglýsingar.*

Ráðuneytið auglýsir opinberlega í október ár hvert eftir umsóknum um styrki. Ákveði ráðherra að leggja áherslu á ákveðin mál á verkefnasviði ráðuneytisins skal það koma fram í auglýsingu.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, leiðbeiningar um gerð umsókna á þar til gerðum eyðublöðum, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

5. gr.  
*Umsóknir.*

Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a) Upplýsingar um umsækjanda, svo sem um fjölda félagsmanna og hver séu meginmarkmið félagsins.
- b) Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
- c) Nafn þess sem annast samskipti við ráðuneytið.
- d) Nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og aðra.
- e) Tíma- og verkáætlun.
- f) Fjárhagsáætlun, þar sem koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um.
- g) Staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.
- h) Samþykktir eða stofnskrá félags eða félagasamtaka.
- i) Greinargerð vegna fyrri styrks til félagsins, ef við á.

Umsóknir sem berast eftir tilskilinn umsóknarfrest eru ekki teknar til umfjöllunar.

6. gr.  
*Mat á umsóknum.*

Við mat á styrkhæfi umsókna og við veitingu styrkja, tekur starfshópurinn skv. 2. gr., mið af eftirtöldum atriðum, auk þeirra skilyrða sem talin eru í 3. gr.:

- a) Gildi og mikilvægi verkefnis fyrir viðkomandi málaflokk.
- b) Markmið verkefnis séu skýr og grein gerð fyrir tilætluðum árangri.
- c) Fram komi með skýrum hætti hvernig meta á árangur verkefnis.
- d) Fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er tekið tillit til eigna- og fjárhagsstöðu umsækjanda.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk frá heilbrigðisráðuneytinu til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn komi til greina.

7. gr.  
*Úthlutun.*

Starfshópurinn gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Tillögur starfshópsins fela í sér almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina. Sérhverri umsókn fylgir stutt umsögn ásamt tillögu um afgreiðslu hennar.

Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Heimilt er að binda styrkveitingar skilyrðum og gera samninga við styrkþega er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis, ársreikning o.fl.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn, sbr. 1. gr. Nýti styrkþegi ekki styrk sama ár og honum er úthlutað fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Ráðuneytið birtir nöfn umsækjenda ásamt nöfnum styrkþega, upplýsingum um verkefnið og upphæð styrks.

8. gr.

*Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun.*

Styrkþegum er skylt að kynna ráðuneytinu stöðu verkefnis. Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið, eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því að fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna ráðuneytinu árangur og niðurstöður með skriflegri skýrslu eða á annan hátt sem getið er um í samningi við styrkþega og í síðasta lagi fyrir lok þess árs sem styrkurinn var veittur til.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 9. september 2021*  


**Svandís Svavarsdóttir**

  
Ásta Valdimarsdóttir.

